

# Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands

Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands, haldinn miðvikudaginn 28. Október kl:17:00-19:00 í gegnum Zoom.

Mættir voru allir stjórnarmenn ásamt starfsmanni ráðsins, auk 4ra leiðbeinenda (14 manns).

## DAGSKRÁ FUNDAR:

### 1. Fundur settur.

Hjörtur Oddson formaður EÍ setur fundinn og skipar Hrafnhildi Lilju fundarstjóra og Elmu Rún fundarritara.

### 2. Skýrsla formanns og endurlífgunarráðs um starfsemina (Hjörtur Oddsson)

Hjörtur fer yfir ársskýrslu 2019 sem nær inn á árið 2020.

#### ◆ Tilgangur ráðsins:

Megin tilgangur ráðsins er að halda utanum námskeið í endurlífgun

#### ◆ Árið 2019 sóttu 638 nemendur námskeið í sérhæfðri endurlífgun (barna og fullorðinna).

Skíptist svona:

#### **LSH:**

10 ALS námskeið – 174 nemendur

6 ILS námskeið – 64 nemendur

6 EPILS námskeið – 70 nemendur

Samtals 32 námskeið og 308 nemendur

#### **SAk og Sjúkraflutningaskólinn:**

3 ALS námskeið – 48 nemendur

7 ILS námskeið – 99 nemendur

6 EPILS námskeið – 78 nemendur

1 EPALS námskeið – 17 nemendur

Samtals 17 námskeið og 242 nemendur

#### **EÍ:**

3 ILS námskeið – 56 nemendur

2 EPALS námskeið – 32 nemendur

Samtals 5 námskeið og 88 nemendur

Það sem af er ári 2020 haf 40 nemendur sótt námskeið hjá SAK, 103 nemendur hjá LSH og 12 hjá EÍ eða samtals 166 nemendur. Það er því þegar nokkur samdráttur vegna Covid-19 og búið að fresta töluvert af námskeiðum í haust bæði á LSH og SAK.

EÍ fær nefskatt af öllum seldum sætum og má því reikna með að það verði töluverður samdráttur í innkomu fyrir 2020 í samanburði við 2019. En þessi innkoma er eina fasta innkoma EÍ.

- ◆ Verkefni á árinu hafa verið nokkuð mörg:
  - 16. Okt – Kids saves lives
  - Kynna AED
  - Unnið að staðsetningu AED (Ásgeir/Hlynur)
  - Númer 2222 (Ármann/Hjörtur)
  - Trauma Course (Sigurbjörg/Hjörtur)
  - NLS (Elma/Hrafnhildur)
  - 16. Okt 2020 – tónlistarmenn og heimsókn til Gíslis Marteins
- ◆ Framtíðin: Að halda áfram með þessi verkefni og koma í gang appi fyrir bráðaviðbrögð.

### 3. Rekstarreikningur kynntur og ársreikningar ráðsins lagðir fram til staðfestingar (Hlynur Höskuldsson)

- Hlynur fer yfir reikninga og þeir eru án athugasemda frá stjórninni og öðrum fundarmönnum.
- Reikningurinn er einróma samþykktur
- Bent á að markmið ráðsins sé ekki að skila hagnaði, það á að standa undir kostnaði og rekstri
- Hjörtur bendir á að gjöld á námskeiðum koma til með að hækka en þau hafa staðið í stað mjög lengi

### 4. Spjall um ráðstefnu – nokkur stutt erindi um það sem stóð uppúr á ráðstefnu ERC

- BLS breytingar – Ilmur
- ALS breytingar – Hjörtur
- System saves lives – Hjörtur
- Cosy breytingar – Hrafnhildur
- EPALS breytingar – Elma
- NLS breytingar - Þórður

Skemmtilegar kynningar og umræður mynduðust. Spennandi verður að sjá þegar fleiri hafa haft tíma til að skoða nýju leiðbeiningarnar. Enn ekki búið að opna fyrir barnaleiðbeiningarnar, eiga opnast 5. nóvember. Enn er opið inn á fyrirlestrana á ráðstefnunni svo fólk getur nýtt sér að horfa á áhugavert efni þar inni. Ýmislegt nýtt í gangi, töluverðar breytingar á Cosy og meira um breytingar á barnaleiðbeiningunum en fullorðins.

### 5. Önnur mál

Umræður um Zoom fundi og þennan samskiptamáta sem nýttur hefur verið vegna Covid-19. Allir sammála um að vel hafi til tekist með almenna fundi, smá hnökur á svona aðalfundi varðandi spurningar en það er lærdómur sem við getum nýtt og lært af. Fólk almennt sammála að þetta geti verið nýtt áfram en í ákveðunum tilvikum þurfi þó að hittast.

**Fundi slitið, fundarritari Elma Rún Ingvarsdóttir**